

stærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðbækkana á olíu til íbúðahitunar eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Verðjöfnunargjald, 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

21. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

22. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júlí 1976. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 379 29. ágúst 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING**um hækkun smásöluverðs raforku.**

Samkvæmt heimild í Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefir ráðuneytið heimilað eftirtöldum rafveitum að hækka smásöluverð raforku skv. núgildandi gjaldskrá, frá og með 1. júlí 1976.

| | |
|---------------------------------------|----------------|
| Rafveita Hafnarfjarðar | um allt að 11% |
| Rafveita Keflavíkur | — — — 10% |
| Rafveita Gerðahrepps | — — — 10% |
| Rafveita Voga- Vatnsleysustr.hr. | — — — 10% |
| Rafveita Njarðvíkur | — — — 10% |
| Rafveita Sandgerðis | — — — 10% |
| Rafveita Grindavíkur | — — — 10% |
| Rafveita Borgarness | — — — 12% |
| Rafveita Húsavíkur | — — — 15% |
| Rafveita Akureyrar | — — — 20% |
| Rafveita Sauðárkróks | — — — 20% |
| Rafveita Ísafjarðar | — — — 11% |
| Rafveita Patreksfjarðar | — — — 11% |

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.